

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 77/2016

2017/EES/73/12

frá 29. apríl 2016

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2075 frá 18. nóvember 2015 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir abamektín, desmedífam, díklórpróp-P, haloxýfóp-P, órýsalín og fenmedífam í eða á tilteknum afurðum <sup>(1)</sup>, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjútíð. ESB L 314, 1.12.2015, bls. 72.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um fóður og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 3) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í 40. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„– **32015 R 2075:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2075 frá 18. nóvember 2015 (Stjútíð. ESB L 302, 19.11.2015, bls. 15), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjútíð. ESB L 314, 1.12.2015, bls. 72.“

*2. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zzy (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32015 R 2075:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2075 frá 18. nóvember 2015 (Stjútíð. ESB L 302, 19.11.2015, bls. 15), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjútíð. ESB L 314, 1.12.2015, bls. 72.“

*3. gr.*Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2015/2075, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjútíð. ESB L 314, 1.12.2015, bls. 72, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

(<sup>1</sup>) Stjútíð. ESB L 302, 19.11.2015, bls. 15.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

*5. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Claude Maerten***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.